



UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur við Álmgærði (SFS2021010169).

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Skóla- og frístundaráð beinir því til samgöngu- og skipulagssviðs/ráðs að gerðar verði ráðstafanir og úrbætur sem fyrst til að tryggja betur umferðaröryggi gangandi vegfarenda við Álmgærði sem er gönguleið barna í skóla sem búa við Furugerði, Hlyngerði, Seljugerði og Viðjugerði. Mikill umferðarhraði er við götuna og samkvæmt mælingum lögreglu er brotahlutfall þar hátt. Ekki er forsvaranlegt að hvetja börn til að ganga eða hjóla í skóla ef umferðaröryggi þeirra verður ekki tryggt eins og best verður á kosið.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs með bréfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, þann 2. mars sl.

Umsögn:

Umhverfis- og skipulagssviði berast reglulega ábendingar um hraðan akstur á götum borgarinnar ásamt óskum um frekari hraðatakmarkandi aðgerðir. Samkvæmt nýjustu niðurstöðum hraðamælinga lögreglunnar í Álmgærði var meðalhraði ökutækja í götunni um 35 kílómetrar á klukkustund og brotahlutfall um 44%. Meðalhraði brotlegra var 44 kílómetrar á klukkustund og hæsti hraði 50 kílómetrar á klukkustund.

Þrátt fyrir að tekið sé undir sjónarmið um að þörf sé á frekari hraðatakmarkandi aðgerðum í götunni, þá er lögð á það áhersla að ekki er um að ræða meiri hættu en í öðrum sambærilegum götum. Við forgangsröðun aðgerða er horft til skráðra umferðarslysa, kortlagningar á gönguleiðum skólabarna, umferðartalninga, hraðamælinga lögreglu og Reykjavíkurborgar, ábendinga og faglegu mati á aðstæðum og áhættu á hverjum stað.

Í samræmi við umferðaröryggisáætlun borgarinnar er lögð áhersla á að koma í veg fyrir alvarleg slys með sérstakri áherslu á slys á börnum og ungmennum. Við skipulag umferðaröryggisframkvæmda er horft heildstætt til umferðaröryggis í borginni, en um er að



ræða fjölmarga staði þar sem gera þarf lagfæringar og úrbætur. Á hverju ári er farið í aðgerðir á nokkrum fjölda þessara staða en því miður er ekki hægt að framkvæma allt það sem æskilegt væri að gera. Aðgerðum er því forgangsraðað með það að markmiði að auka sem mest öryggi vegfarenda með því fjármagni sem veitt er til framkvæmda á hverjum tíma.

Umhverfis- og skipulagssvið er meðvitað um nauðsyn aðgerða í Álmgærði en í samræmi við ofangreinda forgangsraðun eru framkvæmdir í götunni ekki fyrirhugaðar í ár. Að mati sviðsins er ekki ástæða til að forgangsraða aðgerðum í götunni fram yfir aðrar framkvæmdir sem nú eru fyrirhugaðar.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri